

Stjórnarfundur Íslenska safnaðarins í Noregi

Formaður setur fundinn og prestur fer með bæn

Dagskrá og fundargerð 03.04.2018 kl. 18:00 (vinnufundur frá kl 16:30 þar til Jónína kom)

Fundarritari	Jónína M Arnórsdóttir og Björn Hallbeck
Mættir	Björn Hallbeck, Guðbjörg Edda Árnadóttir, sr. Lilja Kr. Þorsteinsdóttir, Guðrún Elín Svansdóttir, Jónína M Arnórsdóttir, Inga Erlingsdóttir, Kristján Daðason og Snorri Ásgeirsson
	Samþykkt á fundargerðum
	Upplýsingar: Enn eru fundargerðir ekki tilbúnar vegna anna hjá Birni og Jónínu. Fundarmenn eru ósáttir við þessar tafir.
	Samþykkt: Ákveðið að allar fundargerðir verði tilbúnar fyrir næsta fund til þess að hægt sé að samþykkja þær og undirrita fyrir aðalfundinn.
	Safnaðarstarfið
	Upplýsingar: -sr. Lilja leysir sr. Ragnheiði af í veikindum hennar. Lilja hefur sagt starfi sínu lausu en mun verða við störf út apríl en er tilbúin að vera söfnuðinum innan handar í ákv. verkefnum og athöfnum. -Reynt er að halda starfinu gangandi eftir föngum. -Fermingarfræðsla: nú þegar hafa nokkur börn fermst á Íslandi en fræðslunni er ekki lokið. Stefnt er að helgarnámskeiði í Lillomarkskapellet 27. - 29. apríl. -Æskulýðsstarfið gengur mjög vel. -Eldriborgarstarfið gengur einnig vel og verið er að skipuleggja vorferð. -Fréttabréf safnaðarins er komið út og hefur verið birt á heimasíðunni og á facebook.
	Samþykkt: -Inga fær lista yfir þau fermingarbörn sem koma utan af landi og panta þarf fyrir flug eða lest. Lilja pantar rútu. Jónína mun sjá um matseld og reynt verður að fá foreldra með auk þess sem ungliðar úr æskulýðsstarfi verða með í för.

	<p>Staða skrifstofu</p> <p>Upplýsingar: -Búið er að senda inn bókhald fyrir janúar og febrúar. -Sótt var um að fá greitt statstilskudd eins og fyrri fjöldi sóknarbarna safnaðarins var en því var hafnað. -Inga bendir á að það vanti undirskrift allra stjórnarmanna á ársmelding. - Inga bendir einnig á að hún þurfi að fá öll gögn, sem birtast eigi á aðalfundi 6. maí, mánuði fyrir fundinn. Þar á meðal er skýrsla prests, skýrsla formanns, stefna stjórnar, ársreikningar 2017 og fjárhagsáætlun fyrir 2018.</p> <p>Samþykkt: -Ársmelding undirrituð af stjórninni. -Gögnin munu berast til Ingu á allra næstu dögum</p>
	<p>Fjármál, áætlun</p> <p>Upplýsingar: -Guðbjörg fer yfir stöðuna og fundarmenn skoða saman fjárhagsáætlun fyrir 2018</p> <p>Samþykkt: -Enn þarf að skera niður marga liði en reynt verður að forðast að að skera niður í barna- og æskulýðsstarfi sem og starfi eldri borgara.</p>
	<p>Staðan framundan</p> <p>Upplýsingar: -Fram kemur að fjárhagsstaða safnaðarins er ekki góð og því gæti þurft að grípa til ýmissa aðgerða til að forða honum frá gjaldþroti. Eins er óvissa hvernig við getum haldið uppi þjónustu við söfnuðinn þegar sr.Lilja hættir störfum og óvissa ríkir um hvenær sr. Ragnheiður komi aftur til starfa eftir veikindi.</p> <p>Samþykkt: -Staðan framundan mun að einhverju leiti birtast í stefnu stjórnar. Björn mun vera í samkiptum við sr. Ragnheiði og NAV vegna eftirfylgni vinnuveitanda þegar veikindi eru langvarandi. Hugsanlega gæti þurft að fá afleysingaprest frá Íslandi.</p>
	<p>Önnur mál</p> <p>a) Messukaffi 6. maí á aðalfundi og 21. maí í fermingarmessu. Ískórinn mun taka það að sér og fá 1000 kr í grunngjald og 40 kr pr. pers.</p> <p>b) 17. júní - Rætt um hvað eigi að gera varðandi hátíðarhöld</p>

Þann dag. Íslendingafélagið í Oslo mun ekki verða í samstarfi eins og undanfarin ár en hafa eigin hátíðarhöld á sama tíma og hefðin er að hafa messu. Flestir fundarmenn eru á því að fella niður þá messu en ekki var tekin endanleg ákvörðun.

Fundi slitið kl. 20:10